

til (6) hnit ca.  $x=23.500$ ,  $y=7.200$ , þaðan út á hraunið vestan Ástjarnar að (7), hnit ca.  $x=23.881$ ,  $y=7.142$ , og áfram eftir hrauninu til norðurs að upphafspunkti (1). Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Náttúruverndarráðs.
2. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatna-sviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Á varptíma (1. maí — 15. júlí) er umferð um svæðið óheimil.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Hafnafjarðar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 12. apríl 1978.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ um Leiklistarskóla Íslands.

### 1. gr.

Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálfa þá til leiklistarstarfa.

### 2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

### 3. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 9 fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um skólann. Ráðherra skipar jafnmarga varamenn. Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis um málefni skólans, m. a. um ráðningu kennara og gerð fjárhagsáætlana. Skólanefndarmenn skulu, eftir því sem unnt er, fylgjast með kennslu og kynningu á verkefnum. Formaður skólanefndar staðfestir ásamt skólastjóra skírteini um námsferil hvers nemanda, sem lýkur námi.

Skólastjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti nema fjallað sé um mál, er varða hann sjálfan.

Formaður boðar fundi.

Leita skal umsagnar skólanefndar áður en skólastjóri er ráðinn.

### 4. gr.

Skólastjóri annast stjórn skólans og daglegan rekstur hans.

Hann ræður kennara og annað starfslið að skólanum í samráði við skóla-

nefnd eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hann fer með fjárreiður skólans, hefur umsjón með eignum hans og gerir fjárhagsáætlanir í samráði við skólanefnd, sbr. 3. gr.

Ráðningartími skólastjóra er 4 ár og miðast við 1. júní, en gengið skal frá ráðningu hans fyrir 1. febrúar.

Heimilt er að endurráða skólastjóra önnur 4 ár, ef skólanefnd mælir með því. Samfelldur starfstími hans verði þó aldrei lengri en 8 ár í senn.

Ráðuneytið setur skólastjóra erindisbréf, að fengnum tillögum skólanefndar.

#### 5. gr.

Komið skal á fót samstarfsnefnd innan skólans. Í henni eiga sæti, auk skólastjóra, einn nemandi úr hverjum bekk og einn fulltrúi kennara, kosnir til eins árs í senn.

Samstarfsnefnd er ætlað að vera tengiliður innan skólans og vinna að því, að þar sé ætíð sem best samstarf og skipulag.

Nefndin kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði. Nefndin er ólaunuð.

#### 6. gr.

Skólastjóri og kennarar sem eru í starfi við skólann eiga rétt til setu á kennarafundum.

Kennarafundur fjallar um námsskrá skólans og framkvæmd hennar og er vettvangur umræðna um málefni skólans.

Kennarafund skal halda þegar skólastjóri telur þess þörf eða meirihluti kennara óskar þess.

#### 7. gr.

Skólastjóri og tveir af kennurum skólans, kosnir af kennarafundi, skulu semja drög að námsskrá fyrir skólann og leggja þau fyrir kennarafund og skólanefnd til umsagnar. Menntamálaráðuneytið fær námsskrána síðan til athugunar og staðfestingar.

#### 8. gr.

Í inntökunefnd eiga sæti skólastjóri, sem er formaður nefndarinnar, fulltrúi kennara í skólanefnd og einn kjörinn af stjórn Félags leikstjóra á Íslandi, báðir til eins árs í senn.

Hlutverk inntökunefndar er að annast inntöku nýrra nemenda skólans.

Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar annarra sérfróðra aðila ef sérstök ástæða virðist til.

#### 9. gr.

Fjöldi fastráðinna kennara skal háður samþykki menntamálaráðuneytisins, sem ræður þá, að fenginni umsögn skólastjóra og skólanefndar.

Ráðning stundakennara er í höndum skólastjóra í samráði við skólanefnd, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Kennari skilar skólastjóra skriflegri greinargerð um kennsluna í lok annar.

Um kennsluskyldu og launakjör fastráðinna kennara svo og launakjör annarra starfsmanna, fer eftir gildandi kjaraákvæðum á hverjum tíma.

Ráðuneytið setur fastráðnum kennurum erindisbréf, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

#### 10. gr.

Heimilt er að ráða ritara til starfa við skólann, ef fjárveiting leyfir. Hann hefur með höndum öll venjuleg skrifstofustörf fyrir skólann, færir kennslu- og

mætingaskrár, annast bóka- og handritavörslu og önnur verkefni er skólastjóri felur honum.

**Heimilt** skal að ráða tæknimann til starfa við skólann ef fjárveiting leyfir. Hann skal annast vörslu tækja og áhalda skólans og hafa umsjón með upptökuherbergjum, búningasafni, leiktjalda- og leikmunageymslu og ljósabúnaði skólans. Tæknimaður skal hafa með höndum skipulagningu og umsjón á allri tæknilegri vinnu innan skólans, svo sem smíði og útvegum leiktjalda, útvegum búninga og annarra muna, sem til skólastarfsins þarf. Hann skal annast eftirlit með húsnæði og húsbúnaði skólans og önnur verkefni er skólastjóri felur honum.

Annað starfslið ræður skólastjóri að skólanum eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

### 11. gr.

Aðalnámsgreinar skólans eru leiktúlkun, leikstjórn, leikmyndateikun og leiksviðslýsing. Í tengslum við þessar greinar eru m. a.: Spuni (improvisation), greining (analysis), leikræn þjálfun, látbragðsleikur, líkamsþjálfun, dans, sviðshreyfingar, sviðshardagar, taltækni, raddmótun og raddbeiting, söngur, framsögn, íslenska, leiklistarsaga, tónmennt, sálarfræði, félagsfræði, förðun, leikmyndasmíði og leiksviðstjórn.

### 12. gr.

Nám í skólanum tekur þrjú ár auk starfs í nemendaleikhúsi í eitt ár. Í námskrá skólans skal kveðið á um námsgreinar og fjölda kennslustunda. Hverju skólaári er skipt í annir og hverri önn aftur í ákveðin verkefni. Við gerð námskrár ber að gæta þess að samhengi verði eðlilegt í náminu. Að loknu þriggja ára námi skulu nemendur starfa eitt skólaár í nemendaleikhúsi og setja á svið undir stjórn leikstjóra leiksýningar sem svari til heillar kvöldsýningar. Nemendur velja sjálfir verkefni og leikstjóra að fengnu samþykki skólastjóra. Nemendur vinna sjálfir að allri tæknilegri vinnu undir umsjón tæknimanns. Skólinn greiðir allan sviðsetningarkostnað, sem miðast við brýnustu nauðsynjar og jarveitingu hverju sinni. Nemendur gera kostnaðaráætlun fyrir hvert verkefni og bera hana undir skólastjóra til samþykkis. Tekjur af sýningu skulu mæta kostnaði vegna sviðsetningar. Verði tekjuafgangur skal honum ráðstafað í sérstakan sjóð samkvæmt ákvörðun skólanefndar, að fenginni tillögu nemenda. Ráðuneytið setur reglur um sjóð þennan. Við reikningsskil nemendaleikhússins eftir hvert verkefni skal telja allan kostnað vegna starfseminnar nema laun kennara og húsnæðiskostnað.

### 13. gr.

Stefnt skal að því að koma á fót sem fyrst við skólann m. a. eftirfarandi aðstöðu fyrir skólastarfið:

1. bókasafni og lestraraðstöðu í tengslum við það,
2. aðstöðu til hljóð og myndupptöku,
3. búningsherbergi með aðstöðu til förðunar,
4. aðstöðu til vélritunar og fjölföldunar.

### 14. gr.

Í lok skólaárs skulu kennarar gera skólastjóra og kennarafundi grein fyrir námsárangri nemenda.

Við mat á námsárangri skulu m. a. þessi atriði höfð til hliðsjónar:

- a. ástundun, ögun og einbeiting,
- b. listrænar og tæknilegar framfarir,
- c. á hvern hátt nemandanum hefur tekist að tileinka sér námið,
- d. skilningur nemanda á viðfangsefni og hæfileiki til að fást við það,
- e. áhugi og afstaða nemanda til vinnu, starfsþrek hans og hæfni til samstarfs.

Kennari gefur nemanda umsögn um námsárangur eins oft og hann telur ástæðu til og jafnan um miðja önn og í lok hverrar annar. Í lok annar skal hver náms-  
hópur kynna innan skólans þau verkefni, sem hann hefur unnið að.

#### 15. gr.

Nemandi, sem ekki stenst kröfur skólans samkvæmt mati kennarafundar, á  
ekki rétt á skólavist áfram.

Kennarafundur getur tekið ákvörðun um að nemandi sitji aftur í sama bekk  
hafi hann dregist aftur úr í námi.

Kennarafundur getur vísað nemanda úr skóla vegna brots á reglum skólans.  
Í þeim tilvikum skal leitað orsaka og nemandi gefinn kostur á að gera grein fyrir  
máli sínu á sameiginlegum fundi kennara og skólanefndar áður en endanleg ákvörð-  
un er tekin.

Úrskurði kennarafundar í þessu efni verður ekki hnekk.

#### 16. gr.

Inntökunefnd annast inntöku nemenda.

Skólanum er heimilt að taka inn nýja nemendur þrjú ár í senn, en fjórða  
árið skulu ekki teknir inn nemendur, þannig að í skólanum séu flest þrjú árgangar  
samþímis. Fjöldi nýrra nemenda hverju sinni skal ekki vera meiri en átta í leik-  
aradeild, einn í leikstjórn og einn í tækninám, eða samtals 10 nemendur, sbr. þó  
17. gr. Umsækjendur um inngöngu í Leiklistarskóla Íslands skulu m. a. fullnægja  
eftirtöldum skilyrðum:

að vera orðnir fullra 19 ára,

að hafa a. m. k. lokið námi í grunnskóla eða fengið sambærilega menntun,

að hafa gott vald á íslenskri tungu,

að geta kynnt sér lestrarefni á tveim erlendum tungumálum,

að leggja fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Inntökunefnd getur veitt undanþágu frá ofangreindum atriðum, ef sérstakar  
ástæður mæla með. Skólinn auglýsir eftir umsóknum með minnst sex vikna fyrir-  
vara. Sækja skal um á þar til gerðum eyðublöðum. Inntökunefnd ákveður hvaða  
umsóknir teljast fullnægja þeim skilyrðum, sem að framan greinir, og annast síðan  
inntöku nemenda m. a. með hæfniskönnun samkvæmt nánari ákvörðun nefndar-  
innar. Úrskurði inntökunefndar verður ekki hnekk.

#### 17. gr.

Inntökunefnd getur ákveðið að leikara sé heimil seta í skólanum í allt að eitt  
skólaár til endur- og framhaldsmenntunar. Slíkir nemendur skulu aldrei vera fleiri  
en tveir hverju sinni. Sérstök námsskrá fyrir hvern þessara nemenda skal gerð  
í samráði við þá og kennara. Auk þess er skólanum heimilt að gefa starfsfólki við  
leikhús kost á að sækja námskeið sem kynni að verða efnt til á vegum hans.

#### 18. gr.

Nemanda er skylt að mæta stundvíslega samkvæmt stundaskrá í alla tíma  
nema veikindi hamli.

Kennari getur veitt nemanda leyfi úr einstaka kennslustund. Um lengri leyfi  
skal nemandi sækja skriflega til skólustjóra, sem fjallar um umsóknina í samráði  
við þann kennara, sem hlut á að máli. Slík umsókn skal að jafnaði berast skóla-  
stjóra fjórtán dögum áður en fyrirhugað leyfi á að hefjast.

Nemanda er ekki heimilt að koma fram sem listflytjandi á opinberum vett-  
vangi. Þetta gildir einnig í skólaleyfum nema að loknu 2. námsári, en þá í sam-  
ráði við skólustjóra.

Nemendur kjósa úr sínum hópi umsjónarmann og ritara.

**19. gr.**

Skólinn starfar frá 1. september til 15. maí. Menntamálaráðuneytið getur heimilað, allta að hálfmánaðar frávík frá þessu. Jólaleyfi hefst 21. desember og lýkur 3. janúar. Páskaleyfi hefst á mánudegi eftir Pálmasunnudag og lýkur annan í páskum. Auk þess er kennsluhlé öskudag, sumardaginn fyrsta, 1. desember, 1. maí og uppstigningardag.

**20. gr.**

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans skulu sýna samstarfsfólki sína fyllstu tillitsemi og háttvísi og gæta þess að öll gagnrýni sé málefnaleg og rökstudd. Ennfremur ber öllum þessum aðilum að gæta þagmælsku við óviðkomandi, m. a. um námsárangur einstakra nemenda og málefni skólans, sem ekki hafa verið endanlega afgreidd innan hans.

**21. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 18. maí 1978.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir þriðja samþykktarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða.

Búnaðarfélag Auðkúluhrepps, Búnaðarfélag Þingeyrarhrepps, Búnaðarfélag Mýrahrepps, Búnaðarfélag Mosvallahrepps, Búnaðarfélag Flateyrarhrepps og Búnaðarfélag Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Búnaðarfélag Hólshrepps, Búnaðarfélag Skutulsfjarðar og Búnaðarfélag Súðavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945, reglugerðar 13. maí 1947 og Húsagerðarsamþykktar Vestfjarða svofellda húsagerðarsamþykkt:

**1. gr.**

Húsagerðarsambandið nær yfir þriðja samþykktarsvæði Húsagerðarsamþykktar Vestfjarða, en í því eru þau búnaðarfélög, sem að framan eru talin.

**2. gr.**

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingaframkvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill húsagerðarsambandið ná með því að taka að sér byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og þeirra húsa annarra, sem nauðsynleg eru í almennum búrekstri og í því skyni ráða til sín byggingarmenn og leggja þeim til sem fullkomnastar vélar, tæki og mót til vinnunnar. Sambandið tekur einnig að sér útvegum steypuefnis og flutning á því, ef verkkaupi óskar þess.

**3. gr.**

Hvert búnaðarfélag kys einn mann og annan til vara til þriggja ára í stjórn húsagerðarsambandsins. Skulu þeir ganga úr stjórninni eftir röð þeir árlega og ræð-